

Louisa  
Matthíasdóttir

30.04.–  
17.09.2017

# Kyrró Calm



## Louisa Matthíasdóttir Kyrrð

Ferill Louisa Matthíasdóttur (1917–2000) var framan af eins og flestra jafnaldra hennar meðal íslenskra myndlistarmanna. Ung sótti hún teiknitíma í Reykjavík og haustið 1934, aðeins 17 ára gömul, fór hún til Kaupmannahafnar og hóf nám við Kunsthåndværkerskolen þar sem hún lærði auglýsingateikun og myndlist í þrjú ár. Þarna kynntist hún evrópskri myndlistarhefð á listasöfnunum. Að námi loknu dvaldi Louisa á Íslandi um hríð en sumarið 1938 hélt hún til Parísar og gekk í skóla listamannsins Marcel Gromaire um veturinn auk þess sem hún notaði tækifærið og sótti söfn og sýningar. Louisa sigldi aftur heim til Íslands sumarið 1939, rétt áður en heimsstyrjöldin síðari skall á.

Louisa dvaldi á Íslandi meðan stríðið geislaði á meginlandinu og kynntust þá öðrum listamönnum sem líka höfðu einangrast hér norður frá og áttu sér fundarstað í Unuhúsi hjá Erlendi Guðmundssyni. Þangað komu rithöfundar á borð við Halldór Laxness, Þórberg Þórðarson og Stein Steinarr, tónlistarmennirnir Jón Leifs og Páll Ísólffson, og ýmsir myndlistarmenn, svo sem Þorvaldur Skúlason, Jóhannes Kjarnal og Jón Engilberts. Á þessum árum náði Louisa að þroska þann sérstaka og persónulega stíl sem varð grunnurinn að allri listsköpun hennar síðan: Einföld og sterk form, heilir og afgerandi litafletir, og örugg og þróttmikil pensilskrift.

Í lok árs 1942 fluttist Louisa til New York. Allmargir ungir listamenn frá Íslandi fóru sömu leið á stríðsárunum enda var það eina færa leiðin til að komast í framhaldsnám. Hún hóf nám hjá þýska málaranum Hans Hofmann en meðal nemenda hans má finna marga af þekktustu listamönnum eftirstríðsáranna í Bandaríkjunum auk íslensku listakonunnar Nínu Tryggvadóttur. Ólíkt því sem verið hafði í Kaupmannahöfn og París komst Louisa hér í kynni við stóran hóp af ungum listamönnum og fljótlega kynntist hún bandaríska listamaninum Leland Bell. Þau gengu í hjónaband árið 1944 og eignuðust dótturina Temmu árið eftir.

Á þessum árum var mjög tekist á um abstraktið í New York. Louisa virðist aldrei hafa dottið í hug að fara að mála abstrakt. Engu að síður má sjá af málverkum Louisu fyrstu árin eftir heimsstyrjöldina að hún hefur velt fyrir sér fagurfræði og litameðferð abstraklistamannanna. Figúran hverfur vissulega aldrei úr myndum hennar en hreinir litafletir og geometrisk form eru ráðandi í myndbyggingunni svo ekki þarf nema að þróa

augun til að ímynda sér að þetta séu abstraktverk. Að þessum tilraunum bjó hún svo seinna þegar hún fór að mála landslagsmyndir frá Íslandi þar sem einfaldleiki formanna og tærir litir eru í fyrirrúmi.

Louisa og Leland stofnuðu ásamt fleiri ungum listamönnum gallerí, Jane Street Gallery, sem var einn fyrsti listamannarekni sýningarstaðurinn á Manhattan. Þar hélt Louisa fyrstu sýningu sína í september 1948 og fékk góða dóma. Fyrir utan nokkrar samsýningar hjá Jane Street-hópnum og eina í Poindexter Gallery sýndi Louisa ekki aftur fyrr en tíu árum seinna. Hún málaði þó heima á hverjum degi og stíll hennar þróaðist hratt. Snemma varð ljóst hvaða myndheimur stóð Louisa næst. Hún málaði fjölskyldu sína og vini, heimilið eða útsýnið að heiman, og svo sjálfsmyndir ef ekki var annað myndefni handhægt. Hennar myndheimur var heima, hvort sem hún var í New York, hjá fjölskyldunni á Íslandi eða á ferðalögum með Leland. Hún vann alla tíð af mikilli einbeitingu en leitaði mjög sjaldan út fyrir nánasta umhverfi að myndefni. Viðfangsefnið virðist hafa skipt hana minna máli en málverkið sjálft, átök litanna og formanna, og að því leyti til svipar viðhorfi hennar til abstraktlistamanna.

Árið 1958 hélt Louisa aðra einkasýningu sína, í Tanager Gallery, þekktu galleríi í New York. Upp úr 1960 fór svo sýningunum að fjölga og árið 1964 gerði Louisa samning við öflugt gallerí í New York, Robert Schoelkopf Gallery, og sýndi þar nær árlega fram til 1991. Um 1963 breyttist myndheimur Louisu nokkuð. Hún fer að mála fleiri sjálfsmyndir, fleiri uppstillingar og fleiri myndir utanhúss. Hún ferðaðist talsvert og kom oft heim til Íslands. Um miðjan sjöunda áratuginn varð Ísland fyrirferðarmeira í verkum hennar, bæði myndir frá Reykjavík og svo landslagsmyndirnar með kindum og hestum. Þær áttu eftir að verða þekktustu málverk hennar.

Þegar loksins íslenskir listunendur kynntust verkum hennar var Louisa orðin fullþroskaður listamaður og á hátindi ferils síns í Bandaríkjunum. Til marks um það má nefna að árið 1984 var hún gestur Listahátíðar í Reykjavík og sýndi 50 verk á Kjarvalsstöðum en það sama ár hélt hún líka einkasýningu í New York og verk hennar var að finna á 20 samsýningum í galleríum og söfnum víðs vegar um Bandaríkin. Louisa var vissulega vel tekið þegar hún loksins sýndi verk sín á Íslandi. Sérstaklega voru það Íslandsmyndirnar sem fólk rak upp stór augu yfir. Hér var komin alveg ný sýn á íslenskt landslag.

Jón Proppé, sýningarstjóri

## **Louisa Matthíasdóttir** **Calm**

Louisa Matthíasdóttir's (1917–2000) early career mirrored that of most other Icelandic artists of her generation. As a teenager, she took private lessons in Reykjavík and in the autumn of 1934, only 17 years old, she entered the School of Arts and Crafts in Copenhagen, where she studied graphic design and art for three years. In Copenhagen she could also study the European art tradition in the city's museums where she seems to have been particularly interested in the modern French painters. By the summer of 1937, Louisa had finished her studies and returned to Iceland. The next summer she took a holiday in Paris and stayed behind to study with the artist Marcel Gromaire and take in the city's museums. She returned to Iceland in the summer of 1939, just before the outbreak of World War II.

Louisa stayed in Reykjavík and made the acquaintance of other artists who, cut off from the continent by the war, gathered in the now celebrated salon of Erlendur Guðmundsson at his home in Unuhús. The company there included writers such as Halldór Laxness, Þórbergur Þórðarson and Steinn Steinarr, the musicians Jón Leifs and Páll Ísólffson, and several painters, including Þorvaldur Skúlason, Jóhannes Kjarval and Jón Engilberts – most of Iceland's small group of modernist artists. During the war she developed the beginnings of what became her signature style, informing her whole subsequent career: The simple and robust shaping of forms, solid and decisive colours, and her sure, effortless brushwork.

At the end of 1942 she moved to New York and took up studies with the painter Hans Hofmann, whose list of students includes many of the best-known artists of New York's post-war era. Unlike in Copenhagen and Paris, Louisa quickly made friends with a large group of young artists, soon meeting the painter Leland Bell whom she married in 1944. A year later, their daughter Temma was born.

At the time, there was a heated discussion about abstract art among the New York painters. Louisa's paintings of the period show that she considered the aesthetics and colour theory of the abstract artists. She never fully abandoned figuration but fields of bright colour and geometric shapes are prominent in the construction of her paintings and one only needs to squint a little to see some of them as fully abstract.

These early experiments are echoed in her later Icelandic landscapes with their broad vistas, simple forms and clear colours.

Louisa and Leland joined a group of other young artists to found the Jane Street Gallery, one of the first artist-run galleries in New York. That is where Louisa had her first exhibition in 1948 and got good reviews. Aside from a few collective exhibitions at the Jane Street Gallery and one at the Poindexter Gallery, however, Louisa did not exhibit again for the next ten years. Yet she painted every day at home and her art developed rapidly. Already in Iceland and in the early years in New York it was clear from where Louisa would draw her subjects: She painted the people and things around her, family and friends, the home or the view from home, and self-portraits when there was no one else to sit for her. She always worked with great concentration and seldom ventured far in search of a subject. It often seems as if the subject was secondary to the painting itself, the interplay of colour and form – an attitude she almost, but not quite, shared with the abstractionists.

In 1958 Louisa had her second private show at the Tanager Gallery in New York. After 1960, the exhibitions grew more frequent. Louisa joined the Robert Schoelkopf Gallery in 1964 and exhibited there almost every year until 1991. Around 1963 Louisa's subject matter began to change. She painted more self-portraits and still lifes, and more paintings of the outdoors. She travelled a lot and often came to Iceland. By the mid-1960s, Iceland began to show up more often in her work, both street scenes from Reykjavík and the bright landscapes that were to become her best-known paintings.

When Icelandic audiences finally got to see her work, Louisa was already a fully matured artist and was at the height of her career in New York. Evidence of this can be seen in that, in 1984, when she showed 50 paintings as a guest of the Reykjavík Arts Festival, she also had a private exhibition in New York and her work was featured in 20 collective exhibitions around the United States. Louisa was certainly well-received when she finally showed her work in Iceland. The Icelandic landscapes, especially, aroused attention. This was an entirely new vision of Icelandic landscape.

Jón Proppé, curator

## Dagskrá Programme

### Hádegisleiðsögn alla föstudaga í maí kl. 12.30

Lunchtime Gallery Talk every  
Friday in May at 12h30

### Sunnudag 14. maí kl. 14.00

#### Leiðsögn sýningarstjóra

Sunday, 14 May at 14h00  
Curator's Talk

### Sunnudagur 21. og 28. maí kl. 14.00

#### Leiðsögn um sýninguna

Sunday, 21 and 28 May at 14h00  
Gallery Talk

### Leiðsögn á ensku alla föstudaga kl. 14.00

Gallery Talk in English  
Fridays at 14h00

### Frekari dagskrá á heimasíðu safnsins

Further programme on  
the museum's website

### Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim sem lánuðu verk á sýninguna. Þakkir fær Temma Bell fyrir lán á verkum og aðstoð við undirbúning sýningarinnar.

The Reykjavík Art Museum thanks those  
who kindly lent works for the exhibition  
especially Temma Bell who kindly assisted  
with its preparation.

Louisa Matthíasdóttir hélt fjölda einkasýninga og átti verk á fjölmörgum samsýningum, einkum í Bandaríkjunum en einnig á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum. Verk listakonunnar eru hluti af opinberum söfnum og einkasöfnum í Bandaríkjunum, á Íslandi og víðar. Þau er meðal annars að finna á Listasafni Reykjavíkur, Listasafni Íslands, Tate í London, Hirshhorn í Washington, Listasafni Portlandborgar og á fjölda háskólasafna í Bandaríkjunum.

Louisa Matthíasdóttir had many solo exhibitions and her works were exhibited in numerous group exhibitions especially in the US but also in Iceland and Europe. Louisa Matthíasdóttir's work is a part of private and public collections internationally, including The Reykjavík Art Museum, The National Gallery of Iceland, Tate Gallery in London, Hirshhorn Museum, Washington, D.C., Portland Museum of Art, Portland, ME as well as several university collections in the US.